

**Ed.**

**717. Nefndarálit**

[54. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá 3. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin fékk frv. seint og hefur lítinn tíma haft til að fjalla um málið. Það eitt er næg ástæða til að mæla gegn samþykkt þess.

Frv. leysir ýmis tæknileg atriði er varða stjórnsýslu sveitarfélaga án þess þó að auka lýðræði með því að auka vald og ábyrgð íbúanna. Ekki eru heldur gerðar neinar breytingar er auki upplýsingaskyldu stjórnvalda gagnvart almenningi.

Alvarlegasti galli frv. er þó sá að það sneiðir algerlega hjá því vandamáli sem enga bið þolir lengur, þ.e. að laga stjórnsýsluna að þeim gífurlegu breytingum sem orðið hafa á búsetu í landinu á síðustu 40 árum, og því leggur undirritaður til að frv. verði ekki samþykkt.

Alþingi, 2. apríl 1986.

Stefán Benediktsson.